

**FRÁSÖGN**

*af fundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins með Evrópuþinginu í Nuuk 20.–21. september 2016.*

Árlegur fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins með þingnefnd Evrópuþingsins fór fram í Nuuk 20.–21. september sl. Af hálfu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sótti fundinn Páll Jóhann Pálsson, varaformaður, auk Vilborgar Ásu Guðjónsdóttur, alþjóðaritara. Helstu mál á dagskrá voru löggjöf Evrópusambandsins um selveiðar og innflutning á selaafurðum, plastmengun í hafi og málefni norðurslóða. Í kjölfar fundarsins hittu sendinefndirnar utanríkisráðherra Grænlands, Vittus Qujaukitsoq, embættismenn úr sjávarútvegs-, landbúnaðar- og veiðiráðuneyti Grænlands, fulltrúa veiðimannasamtakanna KNAPK og grænlenka saumakonu sem vinnur vörur úr selskinni. Fundarmenn fóru einnig í fræðsluheimsóknir í Háskólann á Grænlandi, Náttúruauðlindastofnun Grænlands, Þjóðminjasafn Grænlands, Greenland Business, stjórnstöð landhelgisgæslu ríkjasambands Danmerkur, Færeyja og Grænlands (d. Arktisk Kommando) og tískuvörfyrirtækið 3900 Future.

Á fundi sínum með Evrópuþinginu gagnrýndi forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins harðlega stefnu Evrópusambandsins gagnvart selveiðum og viðskiptum með selaafurðir. Árið 2009 tók reglugerð ESB um viðskipti með selaafurðir gildi en í henni felst almennt bann við sölu á selaafurðum á innri markaði sambandsins. Í október 2015 voru samþykktar breytingar á reglugerðinni sem fela í sér undanþágu fyrir Inúíta og önnur frumbyggjasamfélög en eftir breytingarnar þurfa þessi samfélög að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að geta selt vörur sínar á evrópskum mörkuðum: veiðar verða að vera stundaðar af samfélagi frumbyggja, þær verða að vera hluti af lífsviðurværi umrædds samfélags og mega ekki vera stundaðar aðallega í hagnaðarskyni og loks mega veiðarnar ekki valda dýrunum óþarfa sársauka, kvalar eða ótta, að teknu tilliti til hefðbundins lífsmáti og lífsviðurværis viðkomandi frumbyggjasamfélags. Evrópusambandið áskilur sér enn fremur rétt til að takmarka þann fjölda dýra sem setja má á markað ef fjöldi veiddra dýra bendir til þess að veiðar séu aðallega stundaðar í hagnaðarskyni. Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins ítrekaði við sendinefnd Evrópuþingsins að engin leið væri fyrir selveiðimenn að stunda veiðar í samræmi við reglugerðina sem hafi mjög neikvæðar fjárhagslegar og samfélagslegar afleiðingar fyrir Grænland. Lögð var sérstök áhersla á rétt samfélaga í norðri til að nýta auðlindir sínar á sjálfbæran hátt og mikilvægi þess að tryggja lífsviðurværi þeirra með því að veita þeim aðgang að mörkuðum. Einnig var bent á mikilvægi þess að ESB uppfylli upplýsingaskyldu sína þegar kemur að því að útrýma misskilningi um grænlenkar selveiðar og endurheimta þannig traust neytenda á lögmætum selaafurðum frá landinu. Sendinefnd Evrópuþingsins sýndi málstaðnum og aðstæðum grænlenkra selveiðimanna skilning og lýsti yfir vilja til að gera sitt til að bæta stöðuna. Rætt var möguleika þess að merkja selaafurðir frá Grænlandi sérstaklega til að greiða fyrir aðgengi að mörkuðum sem eina mögulega lausn á vandanum.

Forsætisnefnd sagði frá yfirlýsingu ársfundar ráðsins í ágúst sl. um áhrif plasts á lífríki hafsins. Í yfirlýsingunni hvatti ráðið stjórnvöld á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi til að vinna sameiginlega að rannsókn á umfangi plasts í Norður-Atlantshafi og ekki síst áhrif þess á lífríki hafsins. Stjórnvöld landanna þriggja voru jafnframt hvött til þess að vinna saman að því að draga úr notkun á plasti og örplasti á vestnorræna svæðinu og stefna að allsherjarbanni á notkun örplasts. Loks voru stjórnvöld hvött til að vekja alþjóðlega umræðu um skaðsemi örplasts alþjóðlega og hvetja önnur lönd til að banna notkun þess. Þingmenn Evrópuþingsins voru sammála Vestnorræna ráðinu um mikilvægi þess að rannsaka áhrif plasts á lífríki hafsins. Þeir sögðu Evrópusambandið vera að vinna að málefningu og að Evrópuþingið hefði m.a. þrýst á framkvæmdastjórn sambandsins að leggja fram sérstaka stefnu um örplast.

Loks kynnti forsætisnefnd stefnu Vestnorræna ráðsins um málefni norðurslóða. Sagt var frá umsókn ráðsins um áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu, samstarfssamningi ráðsins við Hringborð norðurslóða og starf Þingmannanets um norðurslóðir sem Vestnorræna ráðið og Hringborð norðurslóða stofnuðu sameiginlega árið 2015. Þingmenn Evrópuþingsins sögðu frá nýrri tillögu framkvæmdastjórnar ESB að stefnu sambandsins á norðurslóðum en í henni er lögð megináhersla á að efla alþjóðlegt samstarf til að bregðast við áhrifum loftslagsbreytinga á viðkvæma náttúru norðurslóða ásamt því að styðja við sjálfbæra þróun á svæðinu, ekki síst í evrópska hluta norðurslóða. Í tillögunni er jafnframt sagt frá væntanlegri stofnun nýs tímabundins vettvangs hagsmunaaðila í evrópska hluta norðurslóða (e. The European Arctic Stakeholder Forum) sem bæði Ísland og Grænland munu eiga aðgengi að. Þá er fjallað um hvernig Evrópusambandið gæti stutt við samgönguverkefni í evrópska hluta norðurslóða í gegnum fjárfestingaáætlun sambandsins (e. The Investment Plan for Europe). Einnig er bent á að fjárfestingabanki Evrópu gæti aðstoðað við fjármögnun samgöngu-, fjarskipta- og orkunýtingarverkefna á svæðinu sem og verkefna milli Norðurlandanna, þvert á landamæri.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu [www.vestnordisk.is](http://www.vestnordisk.is).